

**29. fundur hreppsnefndar Ásahrepps, haldinn með fjarfundarbúnaði ZOOM
mánudaginn 15. júní 2020 klukkan 8:30, skv. samþykkt hreppsnefndar á 25. fundi
sínum.**

Mættir voru: Ásta B. Ólafsdóttir, oddviti hreppsnefndar, Brynja J. Jónasdóttir, Egill Sigurðsson, Elín Grétarsdóttir, Guðmundur Gíslason og Valtýr Valtýsson sveitarstjóri.

Fundargerð var færð í tölvu og hana ritaði Valtýr Valtýsson.

1. Fundargerðir til samþykktar:

1.1. 196. fundur skipulagsnefndar ásamt afgreiðslum byggingarfulltrúa 20-121.

Mál nr. 1; Áskot L165263; Áskot B; Staðfesting afmörkunar og stofnun lóðar – 2005077.

Lögð er fram umsókn Jakobs S. Þórarinssonar, dags. 20. maí 2020, um staðfestingu á afmörkun jarðarinnar Áskot L165263 og stofnun landeignar út úr jörðinni. Óskað er eftir að stofna 86,1 ha landeign út úr jörðinni sem verður 25,3 ha eftir landskiptin skv. meðfylgjandi lóðablöðum. Fyrir liggur samþykki eigenda aðliggjandi landeigna á meðfylgjandi lóðablöðum fyrir hnitsetningu jarðarinnar, dags. 13. maí 2020. Hreppsnefnd Ásahrepps tók fyrir meðfylgjandi lóðablöð vegna landskipta jarðarinnar á 28. fundi sínum sem haldinn var 20. maí 2020 og samþykkti erindið fyrir sitt leyti með fyrirvara um samþykki skipulagsnefndar. Hreppsnefnd staðfestir afgreiðslu skipulagsnefndar UTU samhljóða, sem gerir ekki athugasemd við skiptingu landsins skv. fyrirbyggjandi umsókn með fyrirvara um umsögn Vegagerðarinnar ef um nýja vegtengingu er að ræða. Ekki er gerð athugasemd við staðfestingu landskipta skv. 13. gr. jarðalaga.

Mál nr. 2; Hárlaugsstaðir 2 L165284; 5 frístundalóðir; Stofnun lóða – 1901044. Guðmundur Gíslason vék af fundi við afgreiðslu þessa dagskrárliðar.

Lögð er fram umsókn Sigurlaugar Steingrímsdóttur, dags. 15. janúar 2020, er varðar landskipti 6 landeigna úr landi Hárlaugsstaða 2, L165284 sem eru innan þegar samþykkt deiliskipulagssvæðis. 5 af lóðunum 6 eru skilgreindar sem frístundahúsalóðir og eru í samræmi við deiliskipulag en að auki er óskað eftir að stofna 23.517,3 fm landeign sem er innan skipulagssvæðisins og nær utan um aðkomuvegi að lóðunum sem og opið svæði sem kallast Almennigur og verður í óskiptri sameign allra lóðareigenda frístundahúsalóðanna. Jafnframt er óskað eftir að landeignirnar fái staðfangið Maríuklettur og viðeigandi númer en nafnið vísar til samnefndra kletta sem eru innan svæðisins.

Hreppsnefnd Ásahrepps gerir ekki athugasemd við stofnun landsins né staðvísinn Maríuklettur. Þá er ekki gerð athugasemd við landsskipti skv. 13. gr. jarðalaga. Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða fyrirbyggjandi umsókn.

Mál nr. 3; Ás 3 III-2land L204647; Efriás; Stofnun lóðar – 2005075.

Ásta B. Ólafsdóttir vísar af fundi við afgreiðslu þessa dagskrárliðar.

Samhliða umsókn Ástu B. Ólafsdóttur og Gísla Sveinssonar um deiliskipulag fyrir Ás 3 III-2 land L204647, dags. 19. maí 2020, sækja þau einnig um að stofna um 3,6 ha landeign út úr þeim hluta landsins sem ekki er innan skipulagssvæðisins. Óskað er eftir að hún fái staðfangið Efriás.

Hreppsnefnd Ásahrepps gerir ekki athugasemd við lóðastofnun skv. fyrirbyggjandi umsókn. Þá er ekki gerð athugasemd við staðfestingu landskipta skv. 13. gr. jarðalaga. Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða fyrirbyggjandi umsókn með fyrirvara um lagfærð gögn í samráði við skipulagsfulltrúa.

Mál nr. 4; Ás 3 III-2land L204647 (Hestás); Lögbýli og íbúðarhúsalóð (Reykás); Deiliskipulag.

Ásta B. Ólafsdóttir vikur af fundi við afgreiðslu þessa dagskrárliðar.

Lögð er fram umsókn Gísla Sveinssonar og Ástu Beggu Ólafsdóttur dags. 19.5.2020 ásamt deiliskipulagsupphætti. Deiliskipulagið tekur til landsins Ás 3 III-2land L204647 sem skilgreint er sem landbúnaðar- og íbúðarsvæði innan aðalskipulags Ásahrepps 2010-2022. Innan skipulagssvæðisins er afmörkuð ný 2,21 ha íbúðarhúsalóð sem fengi staðfangið Reykás. Að auki er afmarkaður byggingarreitur á landinu sjálfu sem verður 12,68 ha eftir landskipti og fyrirhugað að verði gert að lögbýli og óskað er eftir að það fái staðfangið Hestás í stað núverandi staðfangs. Innan byggingarreitanna er gert ráð fyrir að heimilt verði að byggja allt að 300 fm íbúðarhús á tveimur hæðum, allt að 600 fm úthús/skemmu á einni hæð með heimild fyrir 30% millilofti og allt að 100 fm gestahús á einni hæð. Jafnframt er óskað eftir að lóðin Reykás verði stofnuð í samræmi við tillögu að deiliskipulagi.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða deiliskipulagið og að það fái málsmeðferð í samræmi við 41. gr. skipulagslaga. Óskað skal umsagna frá helstu umsagnaraðilum s.s. Vegagerðinni, Minjastofnun Íslands og Heilbrigðiseftirliti Suðurlands. Einnig gerir hreppsnefndin ekki athugasemd við að lóðin Reykás verði stofnuð í samræmi við tillögu að deiliskipulagi en bendir á að ekki er hægt að sækja um byggingarleyfi á lóðinni fyrr en eftir að deiliskipulag hefur tekið gildi.

Mál nr. 32; Afgreiðslur byggingarfulltrúa – 20-121 – 2005003F.

Afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 20. maí 2020 lagðar fram til kynningar.

1.2. 197. fundur skipulagsnefndar ásamt afgreiðslum byggingarfulltrúa 20-122.

Mál nr. 1; Sporðöldulón; Grjótgarður; Framkvæmdaleyfi – 2006003.

Lögð er fram umsókn Landsvirkjunar dags. 29.5.2020 er varðar umsókn um framkvæmdaleyfi við Sporðöldulón. Í framkvæmdinni felst gerð 150 m langs grjótgarðs skammt fyrir neðan yfirfall lónsins auk þess sem gert er ráð fyrir því að grjótklæða botn farvegjar milli yfirfalls og fyrirstöðugarðs. Áætlað efnismagn er á bilinu 5-6000 m³ sem skal tekið úr námu E16 inna aðalskipulags. Áætlaður framkvæmdatími er frá júlí til desember.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða útgáfu framkvæmdaleyfis á grundvelli heimilda aðalskipulags sveitarfélagsins þar sem á svæðinu er skilgreint iðnaðarsvæði og náma.

Mál nr. 2; Steinás L176490; Lögbýli; Breytt skráning lóðar – 2006017.

Lögð er fram umsókn Nönnu Maju Norðdahl, dags. 8. júní 2020, þar sem óskað er eftir samþykki fyrir því að Steinás L176490 verði lögbýli. Steinás er 4,8 ha nytjað land skv. fasteignaskrá og er skilgreint sem landbúnaðarsvæði í aðalskipulagi Ásahrepps 2010-2022. Fyrir liggur samþykkt deiliskipulag fyrir landið sem tók gildi í mars á þessu ári þar sem gert er ráð fyrir íbúðarhúsi, skemmu, gróðurhúsi og gestahúsum en ferðatengd starfsemi er fyrirhuguð á landinu.

Skipulagsnefnd UTU gerir ekki athugasemd við að landið verði gert að lögbýli. Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir beiðnina fyrir sitt leyti en bendir á að umsækjandi verður að sækja um stofnun lögbýlis hjá landbúnaðarráðuneytinu og leita umsagnar Búnaðarsambands Suðurlands.

Mál nr. 18; Afgreiðslur byggingarfulltrúa – 20-122 – 2005005F,
Afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 3. júní 2020 lagðar fram til kynningar.

- 1.3. 9. fundur vinnuhóps um endurskoðun Aðalskipulags Ásahrepps 2020-2032.
Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir fundargerðina samhljóða.
- 1.4. Fundargerð fjallskiladeildar Holtamannaafrettar, dags. 11. júní 2020.
Varðandi 1. dagskrárlið þá samþykkir fjallskiladeild Holtamannaafrettar að jörðin Sauðholt 2 verði tekin af fjallskilaskrá.
Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að jörðin verði tekin af fjallskilaskrá og tilkynning um það verði send jarðeiganda og Héraðsnefnd Rangæinga.

Varðandi 2. dagskrárlið þá hefur fjallskiladeild Holtamannaafrettar engar athugasemdir við kortlagningu beitarlands sauðfjár í Ásahreppi, sem unnin hefur verið af Landgræðslunni.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að ekki sé gerð nein athugasemd við fyrirliggjandi kortlagningu.

Varðandi 3. dagskrárlið þá kemur fram að fjallskiladeild Holtamannaafrettar er mótfallin að sett verði á lausagöngubann í Ásahreppi á Holtamannaafretti.
Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að ekki verði samþykkt lausagöngubann á Holtamannaafretti. Varðandi í byggð Ásahrepps, þá samþykkir hreppsnefnd Ásahrepps samhljóða að ekki verði sett á lausagöngubann í byggð að svo komnu máli.

- 1.5. 26. fundur stjórnar Odda bs.
Í 5. dagskrárlið er teknar samþykktir Odda bs til umfjöllunar. Gerð er tillaga um að hafa óbreytt fyrirkomulag er varðar áheyrnarfulltrúa E-lista í hreppsnefnd Ásahrepps út þetta kjörtímabil og samþykktirnar haldist óbreyttar.

Fulltrúar E-lista leggja fram eftirfarandi bókun:

Við, fulltrúar E-lista, mótmælum vinnu oddavita Ásahrepps í þessu máli. Teljum hann ekki vinna að heilindum fyrir áshreppinga með því að samþykkja samhljóða með stjórnarmönnum Rangárþings ytra að hafna upptöku á samþykktum Odda bs með það að leiðarljósi að minni hluti Ásahrepps, E-listi, fái kjörinn mann inn í stjórn sem ekki væri vísað út af fundum undir trúnaðarmálum. Með þessu er stjórn Odda bs að halda minni hluta, E-lista, óupplýstum um mikilvæg málefni, úrvinnslu þeirra og ráðstöfun fjármuna. Fulltrúar E-lista samþykkja ekki 5. dagskrárlið fundargerðarinnar.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir afgreiðslu stjórnar Odda bs. skv. 5. dagskrárlið með þremur atkvæðum (ÁBÓ, BJJ og GG) en tveir á móti (EG, ES). Að öðru leyti er fundargerðin lögð fram til kynningar.

2. Fundargerðir til kynningar:

- 2.1. 27. fundur stjórnar Odda bs.
- 2.2. 28. fundur stjórnar Odda bs.
- 2.3. 11. fundur stjórnar Húsakynna bs. ásamt ársreikningi 2019.
- 2.4. 210. fundur stjórnar Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs.
- 2.5. 211. fundur stjórnar Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs. ásamt ársreikningi 2019.

- 2.6. 18. fundur stjórnar Tónlistarskóla Rangæinga.
- 2.7. 19. fundur stjórnar Tónlistarskóla Rangæinga.
- 2.8. 5. fundur stjórnar Lunda ásamt ársreikningum 2019.
- 2.9. Fundargerð stjórnar Rangárhallarinnar, dags. 27. apríl 2020.
- 2.10. 6. fundur stjórnar Skógasafns.
- 2.11. 293. fundur stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands.
- 2.12. 205. fundur Heilbrigðisnefndar Suðurlands.
- 2.13. 17. fundur stjórnar Bergrisans bs.
- 2.14. Fundur lögreglustjóra með bæjar- og sveitarstjórum, dags. 18. maí 2020.
- 2.15. Minnisblað frá samráðsfjarfundi SASS, dags. 19. maí 2020.
- 2.16. Minnisblað frá samráðsfjarfundi SASS, dags. 2. júní 2020.
- 2.17. 558. fundur stjórnar SASS.
- 2.18. 884. fundur stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.

3. **Rekstraryfirlit sveitarsjóðs Ásahrepps.**

Rekstraryfirlit sveitarsjóðs Ásahrepps lagt fram til kynningar.

4. **Kjörskrá vegna forsetakosninga 27. júní 2020.**

Kjörskrá vegna forsetakosninga, sem fara fram þann 27. júní 2020, lögð fram. Sveitarstjóri hefur yfirfarið kjörskrá og áritað hana fyrir framlagningu. Auglýst verður framlagning kjörskrár og tímasetning kjörfundar. Engar athugasemdir hafa komið fram við framlagða kjörskrá. Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að veita sveitarstjóra fullnaðarheimild til að fjalla um athugasemdir, gera nauðsynlegar leiðréttingar og úrskurða um ágreiningsmál sem kunna að koma fram að kjördegi vegna forsetakosninga 27. júní 2020 í samræmi við 27. gr. laga um kosningar til Alþingis.

5. **Fegrunarátak Ásahrepps.**

Undirbúningshópur verkefnisins hefur unnið að skilgreiningu verkefnisins og gerð dreifibréfs til kynningar verkefninu. Hefur verið leitað álits allrar hreppsnefndarinnar við mótun og gerð dreifibréfs, sem sent var í dreifingu fyrir helgina. Sveitarstjóri greindi frá samskiptum við verkefnisstóra og þau stefna að því að hittast og leggja línur um næstu skref síðar í dag.

6. **Innsend bréf og erindi:**

- 6.1. Bréf Útivistarfélagsins Rottugengisins, dags. 8. júní 2020; Illugaver. Lagt fram bréf Útivistarfélagsins Rottugengisins þar sem félagið lýsir vonbrigðum sínum við afgreiðslu hreppsnefndar á erindi sínu sem tekið var til afgreiðslu á 28. fundi hreppsnefndar. Jafnframt er óskað eftir því að félagið fái að nýta húsnæðið eins og undanfarin ár þar til að komið er að þeim tímapunkti að lóðin verði auglýst laus til umsóknar. Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að gera ekki athugasemd við að félagið nýti skálann þar til að ákvörðun er tekin hjá hreppsnefnd um aðra nýtingu eða útleigu.
- 6.2. Bréf Skipulagsstofnunar, dags. 28. maí 2020; lýsing fyrir gerð aðalskipulags Ásahrepps 2020-2032. Lagt fram bréf Skipulagsstofnunar þar sem veitt er umsögn um lýsingu fyrir gerð aðalskipulags Ásahrepps 2020-2032. Í bréfinu bendir Skipulagsstofnun á nokkur atriði sem þarf að hafa í huga við vinnslu tillögunnar og umhverfismats hennar.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að vísa þessu bréfi til skipulagsráðgjafa Ásahrepps til úrvinnslu og bregðast við framkomnum ábendingum.

- 6.3. Bréf Skipulagsstofnunar, dags. 22. maí 2020; Miðmundarholt, aðalskipulagsbreyting.
Lagt fram bréf Skipulagsstofnunar vegna Miðmundarholts, aðalskipulagsbreyting vegna verslunar- og þjónustusvæðis. Í bréfinu kemur fram að Skipulagsstofnun geti ekki staðfest aðalskipulagstillöguna að óbreyttu. Sveitarstjóri hefur verið í sambandi við skipulagsfulltrúa varðandi úrlausn mála. Sveitarstjóra falið að vinna málið áfram með skipulagsembættinu til að leysa úr þeim málum sem til staðar eru.
- 6.4. Tölvuskeyti Hringekjunnar, dags. 2. júní 2020; plokk.
Lagt fram tölvuskeyti Agnesar Hjaltalín og Elínar Ramette þar sem þær kynna verefni sem þær eru að fara af stað með, þ.e. að hjóla í kringum landið og vera að plokka rusl í leiðinni í samstarfi við sveitarfélög landsins. Hreppsnefnd Ásahrepps bendir á að verið er að fara í sérstakt februnaráttak í sveitarfélaginu og hugmyndir sem fram koma í erindinu eiga ekki vel við í okkar sveitarfélagi.
- 6.5. Tölvuskeyti Lundar, dags. 8. júní 2020; beiðni um fund með sveitarstjórnnum aðildarsveitarfélaga.
Lagt fram tölvuskeyti Hjúkrunar- og dvalarheimilsins Lundar þar sem óskað er eftir fundi með sveitarstjórnnum Ásahrepps og Rangárþings ytra vegna fjárhagsstöðu byggingarreiknings stofnunarinnar. Óskað er eftir að fundurinn fari fram uppúr 15. ágúst n.k. Hreppsnefnd Ásahrepps lýsir yfir vilja að koma að slíkum fundi. Hreppsnefnd vill upplýsa að næsti reglubundni fundur hreppsnefndar verður haldinn þann 19. ágúst n.k. Fulltrúar E-lista leggja fram eftirfarandi bókun: Fulltrúar E-lista minna á að Ásahreppur hefur greitt sinn hlut vegna viðbyggingar og vill ítreka fyrri bókun sveitarstjórnar Ásahrepps þess efnis frá 7. fundi hreppsnefndar liður 2.2 þann 10. október 2018.
- 6.6. Tölvuskeyti Vatnajökulsþjóðgarðs, dags. 8. júní 2020; fundur í Hrauneyjum 30. júní 2020.
Lagt fram tölvuskeyti Vatnajökulsþjóðgarðs þar sem stjórn þjóðgarðsins kynnir fyrirhugaðan fund með svæðisráði vestursvæðis í Hálendismiðstöðinni í Hrauneyjum. Fundurinn er fyrirhugaður þann 30. júní n.k. klukkan 9:00. Stjórn þjóðgarðsins vill nýta þetta tækifæri og bjóða sveitarstjórnarmönnum á vestursvæði til samtals við stjórn og svæðisráð. Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að allir hreppsnefndarfulltrúar fái sent fundarboð (Zoom), en mögulega geta einhverjir mætt á staðinn til fundar.
- 6.7. Tölvuskeyti Háskólans á Akureyri, dags. 8. júní 2020; beiðni um fund vegna 4. áfanga Rammaáætlunar.
Lagt fram tölvuskeyti Háskólans á Akureyri þar sem óskað er eftir fundi / viðtali með sveitarstjórn vegna virkjunarkosta í 4. áfanga Rammaáætlunar. Komið hefur fram í fyrri samskiptum að hugmynd er um þriðjudaginn 16. júní n.k.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að öllum hreppsnefndarfulltrúum verði sent fundarboð þannig að þeir hafi tök á að mæta til þessa fundar sem verður fjarfundur.

- 6.8. Tölvuskeyti N4, dags 9. júní 2020; Garðarölt hjá N4.
Lagt fram tölvuskeyti N4 þar sem kynnt er tilboð í þátttöku í þáttunum Garðarölt sem verður sendur út á sjónvarpsstöðinni N4.
Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að taka ekki þátt í þessu verkefni.

7. Bréf og erindi til kynningar:

- 7.1. Bréf félagsmálaráðuneytis, dags. 20. maí 2020; stuðningur til að efla virkni.
7.2. Bréf félagsmálaráðuneytis, dags. 20. maí 2020; aukið félagsstarf fullorðinna.
7.3. Ársreikningur Samtaka orkusveitarfélaga 2019.

8. Næsti reglubundni fundur hreppsnefndar.

Sumarleyfi hreppsnefndar verður í júlímánuði og verður næsti reglubundni fundur hreppsnefndar Ásahrepps haldinn miðvikudaginn 19. ágúst 2020, en heimilt er þó að boða hreppsnefnd saman til fundar ef þörf krefur fram að 19. ágúst n.k. Sumarleyfi skrifstofu verður frá 1. júlí og til 7. ágúst n.k.

Fundargerð samþykkt. Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:40.

Ásta B. Ólafsdóttir
Brynja J. Jónasdóttir
Egill Sigurðsson
Elín Grétarsdóttir
Guðmundur J. Gíslason
Valtýr Valtýsson

Undirritunarsíða

sveitarstjóri
Valtýr Valtýsson

oddviti hreppsnefndar
Ásta Berghildur Ólafsdóttir

hreppsnefndarfulltrúi
Brynja Jóna Jónasdóttir

hreppsnefndarfulltrúi
Egill Sigurðsson

hreppsnefndarfulltrúi
Elín Grétarsdóttir

hreppsnefndarfulltrúi
Guðmundur Jóhann Gíslason